2. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2026 - 2027
12. maí 2026 kl. 17:00
Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Ívar Hauksson (ÍH), Árni Reynir Alfreðsson (ÁRA), Eva Kærnested (EK), Brynja Kristín Magnúsdóttir (BKM), Arnar Máni Sigurjónsson (AMS) og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi:

1. **Samþykkt fundargerðar síðasta fundar**

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var samþykkt samhljóða.

2. **Tilkynning um raunverulegar eigendur og stjórn**

Undirrituð eru skjöl um breytingar á stjórn og raunverulegum eigendum sem send verða til Skattsins.

3. **Fyrirmyndarfélag - lokaútgáfa handbókar**

Félagið hefur skilað lokaútgáfu af handbók félagsins til ÍSÍ.

4. **Kynbótasýningar**

Vegna gríðarlegrar aðsóknar á kynbótasýningar vorsins hefur verið ákveðið að bæta við 17. júní sem sýningardegi á kynbótasýningu í Víðidal. Þá var bætt við nýrri sýningu 22.-24. júní.

EG hefur fundað með kynbótanefnd Fáks um fyrirkomulag og þjónustu á sýningunni og er ætlunin að reyna að bjóða upp á veitingaþjónustu á meðan sýningunni stendur ef tekst að manna það með sjálfboðaliðum.

5. **Reiðleið um golfvöll á Korpúlfstöðum**

HS kynnti fyrir nýjum stjórnarmeðlimum málin varðandi reiðleið um Korpúlfsstaðavöll. Málið er í vinnslu og reiðveganefndin mun funda með GR á næstu misserum.

6. **Viðhald**

- ☐ Reiðhöllin - Skipta út ónýtum lömpum í reiðhallarsal, uppsetning öryggismyndavéla í port og bílastæði.
- ☐ Kerrusvæði - Búið að færa hliðið og afmarka svæði. Uppsetning á öryggismyndavél.
- ☐ Félagshesthús - Skipta út ónýtum lömpum.
- ☐ Félagsheimilið - Beðið verður hreinsað á næstu vikum. Færa ker sem við eigum við félagsheimilið.

7. **Mótin framundan og sjálfboðaliðar**

EG hefur fundað með mótanefnd í síðustu viku. Umræða var um öll þau störf sem þarf að manna með sjálfboðaliðum. Gengið hefur vel að manna störf er snúa að mótahaldinu sjálfu en erfiðlega hefur gengið að manna veitingasöluna. EG er falið að auglýsa eftir sjálfboðaliðum á heimasíðu Fáks og samfélagsmiðlum.

8. **Uppgjör jan - apríl**

HS fór yfir reksturinn á tímabilinu 1. janúar til 30. apríl.

9. **Önnur mál**

    a. **Undirbúningur undir landsmót**

        IH og EG var falið að fara yfir undirbúning undir landsmót með æskulýðsnefnd

    b. **Nefndarkvöld í haust**

        Rætt um að halda nefndarkvöld í haust.

Fundi var slitið kl. 18:15.